


Velkomin í Kirkjuból



- Umhverfi
- Sköpun
- Lífsleikni

Áherslur



- Virðing
- Vináttá
- Væntumþykja

Einkunnarorð



Kæru foreldrar

Um leið og við bjóðum ykkur velkomin í leikskólann, viljum við gefa ykkur upplýsingar um ýmis atriði sem tengd eru starfsemi leikskólans. Foreldrar þurfa að meðtaka mikið af upplýsingum í byrjun skólagöngu og því er tilvalið að hafa sem mest af upplýsingum á einum stað. Við í Kirkjubóli hlökkum til samvinnunnar og vonumst til þess að þessi handbók komi að góðum notum.

Leikskólagjöldin eru fyrirfram greidd mánaðarlega og er sérstakt gjald í foreldrasjóð inni í gjöldunum. Greidd eru leikskólagjöld 11 mánuði á ári og er júlí mánuður ávallt gjaldfrír óháð því hvenær barnið fer í leyfi, nema ef börnin eru að hætta og fara í grunnskóla.

Foreldrar eru beðnir um að virða þann tíma sem þeir kjósa að kaupa og þar með vinnutíma starfsmanna leikskólans sem eru ráðnir með tilliti til fjölda barna á hverjum tíma. Ef foreldrar þurfa að breyta vistunartíma þarf að fylla út breytingarblað og skila til leikskólastjóra fyrir 20. hvers mánaðar.

Leikskólinn er opinn frá 7:30 -17:00

Sími: [5919360](tel:5919360)

Heimasíða: <http://kirkjubolid.is/>

Netfang: kirkjubol@leikskolarnir.is

Leikskólastjóri er Ásta Kristín Valgarðsdóttir: astava@leikskolarnir.is

Aðstoðarleikskólastjóri er Anna Kristín Sveinsdóttir: annasv@leikskolarnir.is

Leikskólinn Kirkjuból

Í Kirkjubóli eru starfandi þrjár leikskóladeildir Holt, Lundur og Heiði. Þar dvelja 61 barn samtímis á aldrinum 12 mánaða til 6 ára og um tuttugu starfsmenn.

Leikskólinn vinnur samkvæmt lögum um leikskóla, aðalnámsskrá leikskóla sem gefin er út af menntamála -ráðuneytinu 2011 og skólanámsskrá Kirkjubóls, (nánar á heimasíðu leikskólans kirkjubolid.is)

Áherslur leikskólans eru lífsleikni, sköpun og umhverfi, þær eru rauður þráður í starfinu okkar. Ásamt því höfum við unnið með [fjölgreindarkenningu](#) Howards Gardners. Barnið sjálft er í brennidepli í allri okkar skipulagningu og lögð er áhersla á að starfshættir taki ávallt mið af þroska og þörfum einstaklinganna. Lögð er áhersla á hlý samskipti barna á milli og milli starfsfólks og barna.

Einkunnarorðin okkar eru: Virðing, væntumþykja og vinátta

Að byrja í leikskóla

Þegar barn byrjar í leikskóla er nauðsynlegt að hafa í huga þær breytingar sem það hefur í för með sér fyrir barnið. Áriðandi er að góð samvinna takist strax í byrjun á milli foreldra barns og starfsfólks. Gagnkvæmur trúnaður og samvinna er forsenda þess að barninu líði vel. Góð aðlögun styrkir öryggisfinningu barnsins og leggur grunninn að vellíðan þess í leikskólanum. Hlutverk foreldranna er að veita barninu öryggi og styðja það áfram þannig að barnið geti kynnst öllu því nýja á öruggan hátt.

Aðlögunarferlið er alltaf einstaklingsbundið og getur tekið mislangan tíma. Foreldrar fylgja börnum sínum í aðlögun sem skipulögð er í samstarfi við deildarstjóra og starfsfólk. Foreldrar þurfa að gera ráð fyrir u.þ.b. vikutíma í aðlögun barnsins. Áður en aðlögun hefst fara foreldrar í viðtal hjá leikskólastjóra.

Aðlögun fyrir nýja nemendur í leikskóla

1. dagur:

9:00 - 11:00 Barn og foreldri/ar dvelja saman í leikskólanum

2. dagur:

8.30 - 12:00 Barn og foreldri/ar dvelja saman í leikskólanum.
Barnið er með í matartíma, foreldri/ar aðstoða eða bíða.

3. dagur:

8.30 – 12.00 Barn og foreldri/ar dvelja saman í leikskólanum, foreldri/ar geta farið á kaffistofuna ef vel gengur.

4. dagur:

8:30 - 15:00 Foreldri/um er boðið að fara frá kl. 11:00 og koma aftur kl 13:30 eða þegar barnið vaknar eftir hvíldartíma og vera með því fram yfir nónhressingu.

5. dagur:

Barnið kemur kl. 8:30 (ef vistunartími hefst fyrir kl. 9).
Barnið er með í hádegismat og hvíldartíma án foreldris/a.

6. dagur:

Barnið er í leikskólanum án foreldris/a.
Barnið er sótt eftir hvíldartíma.

7. dagur:

Barnið dvelur í leikskólanum umsaminn vistunartíma ef vel gengur, fer það eftir þörfum hvers og eins.

Þetta er viðmið um leikskólabyrjun. Eftir fyrstu þrjá dagana er samráð á milli foreldris/a og deildarstjóra um framhaldið því það er mjög einstaklingsbundið hversu langan tíma hvert barn þarf í aðlögun.

Komu og brottfarir

Nauðsynlegt er að láta starfsfólk vita þegar komið er með barn í leikskólann og að sama skapi þegar barn er sótt. Það er einnig mikilvægt að tilkynna starfsfólkinu ef aðrir en foreldrar/forráðamenn sækja barnið. Börnin eiga ekki að opna hliðið sjálf við inngang leikskólans.

Þetta er mikilvægt öryggisatriði

Fataherbergið

Börnin eiga sinn stað í fataherberginu.

Í hólfi barnsins er plastkassi fyrir aukaföt og í honum á að vera:

- Nærföt/samfellur
- Sokkar/sokkabuxur
- Peysa/bolur
- Buxur/leggings

Barnið þarf að hafa fjölbreyttan fatnað í leikskólanum, eftir árstíma:

- Pollagalli/vindgalli/snjógalli
- Stígvél/kuldaskór/strigaskór
- Húfa, lambhúshetta/buff/derhúfa
- Ullarvettlinga/vatnsheldir vettlingar
- Hlý peysa/buxur/sokkar

Auk þessa þarf að koma með bleyjur fyrir þau börn sem nota þær og snuð

Hafa ber í huga að leikskólinn er vinnustaður barnanna og þess vegna þurfa börnin að koma í þægilegum vinnufatnaði sem þolir hnjask og má óhreinkast.

Nauðsynlegt er að merkja allan fatnað barnanna vel.

Foreldrar tæma hólfin á föstudögum og fylla á á mánudögum. Töskur/pokar geymast heima.

Máltíðir

Í leikskólanum er boðið upp á morgunmat, hádegisverð og síðdegishressingu, ásamt því að bjóða upp á ávexti daglega. Leitast er við að hafa hollan og góðan mat á borðum. Lagt er upp með að brauðið og maturinn sé eldaður frá grunni. Grænmeti og eða salat er með öllum mat.

Ofnæmi

Látið deildarstjóra strax vita ef barn hefur ofnæmi fyrir einhverjum fæðutegundum. Skila þarf inn læknisvottorði ef barnið er með ofnæmi fyrir einhverri fæðu og þarf að fá sérfæði. Vottorð þarf að endurnýja á hverju ári.

Dagskipulag

Í leikskólanum er skipulögð dagskrá. Við teljum að það sé gott fyrir börnin að hafa ákveðna rútínu yfir daginn og vita hvað gerist næst. Það er grundvöllur að öryggistilfinningu.

7:30-8:00	Leikskólinn opnar - tekið á móti börnum á Heiði.
8:00-9:00	Börnin fara á sínar deildir - morgunmatur.
9:00-11:30	Vinnustund, hreyfing/tónlist/gönguferðir, frjáls leikur inni/úti, samverustund.
11:30-12:00	Hádegismatur.
12:00-12:45	Hvíld / sögustund.
12:45-14:30	Útivera / frjáls leikur inni, samverustund.
14:30-15:00	Síðdegishressing.
15:00-17:00	Útivera / frjáls leikur inni, val.
16:30-17:00	Lokun á Heiði.
17:00	Leikskólinn lokar.

Friðhelgi matar og hvíldar

Á milli 11:30 og 13:00 eru börnin að borða og hvíla sig. Yngstu börnin sofa og hin slaka á við hlustun. Mjög mikilvægt er að virða þennan tíma og koma ekki með eða sækja börnin nema í samráði við starfsfólk.

Ferilmappa

Öll börn á Kirkjubóli eiga ferilmöppur en ferilmappan er samvinnuverkefni barns og starfsfólks leikskólans. Markmiðið með möppunni er m.a. að veita innsýn í lífið og starfið í leikskólanum ásamt því að varðveita minningar barnsins á leikskólaárunum. Mappan fylgir barninu í gegnum leikskólagönguna og fær barnið hana til eignar þegar það hættir í leikskólanum.

Netmiðlar

Kirkjuból er með heimasíðu <http://kirkiubolid.is/> þar sem er að finna ýmsar upplýsingar og fróðleik um starfið. Þar má sjá fréttir úr starfinum með myndum. Auk þess eru myndir sendar heim í gegnum [karellen](#).

Hópastarf

Börnunum er skipt niður í hópa eftir aldri og unnið með þeim skipulagt starf í þessum hópum. Þar er unnið með [Fjölgreindir](#), [Hreyfistundir](#), [Lubbi finnur málbein](#) og [Vináttuverkefnið Blær](#).

Afmæli

Afmælisbarnið skreytir sína eigin kórónu, fær fána í hólfið sitt og kröftugan afmælissöng. Það fær enn fremur að vera umsjónarmaður þennan dag, velja sér skrautlegan borðbúnað úr eldhúsinu til að borða af og velja hvaða sögu á að lesa í sögustund. Afmæli heima á að vera utan leikskólans og því má ekki koma með boðskort eða gjafir í leikskólann. Leikskólastjóri getur áframsent boðskort til foreldra barnanna á deildinni.

Lyfjagjafir í leikskólanum

Lyf eru ekki gefin í leikskólanum nema í undantekningartilfellum t.d. ef barn er haldið langvarandi sjúkdómi eða er með bráðaofnæmi. Ef barn er með bráðaofnæmi er nauðsynlegt að starfsfólk fái fræðslu um rétt viðbrögð. Ef gefa á lyf í leikskólanum skal skrá það á lyfjablað.

Veikindi

Ef barn er veikt, með hita eða smitandi sjúkdóm, á það ekki að koma í leikskólann. Vinsamlega hringið og látið okkur vita þegar svona stendur á eða sendið okkur skilaboð í gegnum Karellen. Ef barnið veikist í leikskólanum hringjum við og látum vita. Þegar barnið er orðið hitalaust og getur tekið þátt í öllu leikskólastarfinu má það koma aftur í leikskólann.

Skilaboð til foreldra

Upplýsingatöflur hanga í fataherbergjum á deildum, þar geta foreldrar fylgst daglega með ýmsum skilaboðum frá starfsfólki. Ferðir og aðrar upptökur eru auglýstar sérstaklega í fataherbergi, á heimasíðu og/eða í tölvupósti. Mánaðarlega er gefið út rafrænt fréttabréf sem heitir „Á döfinni“ og þar kemur fram það helsta sem er framundan þann mánuðinn. Á heimasíðu leikskólans er einnig að finna ýmsar fréttir og upplýsingar.

Inngangar í leikskólann

Í leikskólanum eru fjórir inngangar, einn inn á hverja deild auk starfsmannainngangs. Foreldrar / forráðamenn eru vinsamlegast beðnir að nota innganginn á viðkomandi deild. Mjög mikilvægt er að foreldrar gæti þess að hliðin í garðinum séu **alltaf lokað** og **leyfi börnunum ekki / aldrei að opna hliðin.**

Leikföng

Börnin mega koma með bækur, spil, geisladiska og yngri börnin með mjúk dýr s.s. bangsa til að kúra með. Nauðsynlegt er að merkja vel svo hlutirnir rati í réttar hendur í lok dags. Önnur leikföng eiga að vera heima því að leikskólinn býr yfir fjölbreyttum leikfangakosti sem öll börnin geta notið í sameiningu.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar eru þrjú heilir dagar og tveir hálfir en þá er lokað kl 12. Foreldrum er tilkynnt um þessa daga með góðum fyrirvara bæði með auglýsingu sem hengd er frammi í fataherbergjum og í pósti frá leikskólastjóra. Einnig má sjá það á skólalagatalinu og í viðburðadagatali á heimasíðu skólans.

Sumarleyfi

Leikskólar Garðabæjar loka ekki yfir sumarið. Öll börn þurfa þó að taka fjórar vikur í sumarfrí á tímabilinu 1. maí - 15. september. Að jafnaði er það júlígjaldið sem fellur niður óháð því hvenær barnið fer í frí. Yfir sumarið er meiri áhersla lögð á útveru og starfsemin flutt út að miklu leyti. Vinsamlega athugið að stundum er nauðsynlegt að loka deildum yfir sumarið og sameina vegna viðhalds eða annarra orsaka.

Sérkennsla

Við leikskólann er starfandi sérkennslustjóri. Hlutverk hans er að skipuleggja og hafa umsjón með sérkennslu í leikskólanum í samvinnu við foreldra, leikskólastjóra, deildastjóra, og skólaskrifstofu. Sérkennslustjóri Kirkjubólís er: Elín Ósk Þorsteinsdóttir.

Foreldrasamstarf

Uppeldi og menntun barnanna í leikskólanum er samvinnuverkefni starfsfólks leikskóla og foreldra. Gagnkvæmt traust og trúnaður er forsenda góðrar samvinnu. Daglegar upplýsingar um barnið heima og í leikskólanum eru nauðsynlegar því að oft geta lítil atvik í lífi barnsins valdið breytingum á hegðun þess. Við leggjum metnað okkar í að gott upplýsingaflæði sé til foreldra. Í leikskólanum er öflugt foreldrafélag sem stendur fyrir nokkrum uppákomum ár hvert og einnig er starfandi foreldraráð við leikskólann sem foreldrar geta leitað til ef eitthvað er. Kosið er í stjórnir foreldrafélags og ráðs á haustfundi í leikskólanum.

Fastir viðburðir

Desember er skemmtilegur mánuður og margt að gerast. Börnin baka piparkökur og bjóða foreldrum í heimsókn snemma í mánuðinum. Farið er í kirkjuferð, haldið jólaball, horft á leikrit, sungnir jólasöngvar og lesnar jólasögur.

Þorablót er haldið á bóndadaginn og þá er feðrum boðið í morgunverð og í hádeginu er framreiddur hefðbundinn þorramatur.

Á konudaginn bjóðum við mæðrum í kaffi til okkar.

Ömmu og afakaffi er á afmæli leikskólans 1. nóvember. Þá bjóða börnin þeim í kaffi til sín.

Furðufataball er haldið á öskudag. Þá mæta allir í furðufötum, bæði börn og starfsfólk og gera sér glaðan dag.

Dagsferð elstu barna í Vatnaskóg er í maí hvert ár.

Opið hús er í öllum leikskólum í Garðabæ í apríl eða maí en þá setjum við upp listarsýningu með verkum barnanna sem er afrakstur vetrarstarfsins. Börnin geta með miklu stolti sýnt foreldrum, ömmum, öfum og öðrum verk sín.

Sumarhátíð og útskrift elstu barnanna er í lok maí.

Viðburðir sem eru endurteknir:

Fagnaðarfundir eru haldnir 1-2 í mánuði, á föstudögum. Þá hittast öll börn leikskólans í salnum um kl. 10 og syngja saman. Deildirnar skiptast á að sjá um fundinn, börnin velja lög og kynna þau í púlti.

Opið er á milli deilda einn föstudag í mánuði. Þá gefst börnum tækifæri á að heimsækja hinar deildarnar og kynnast öðrum börnum og starfsfólki.

Fjölgreindardagar er fjórir yfir veturinn. Þá eru settar upp nokkrar stöðvar á víð og dreif um leikskólann tengdar greindinni sem verið er að vinna með.

Slys og óhöpp

Slys og óhöpp geta alltaf átt sér stað. Nauðsynlegt er að leikskólinn sé með réttar upplýsingar hvað varðar símanúmer ofl. á sérstöku bráðablaði. Nauðsynlegt að tilkynna leikskólastjóra ef breytt er um netfang eða símanúmer.

Barnavernd

Lögum samkvæmt ber okkur að tilkynna hvers konar vanrækslu eða misnotkun til Barnaverndarnefndar. Tilkynning okkar er alltaf undir nafni. Í Garðabæ er verkefni sem unnið er með sem heitir Velferð barna í Garðabæ.

Tekið skal fram að allt starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu sem heldur ef og þegar látið er af störfum

Að lokum

Við vonum að þessi bæklingur hafi svarað einhverjum af þeim fjölmörgu spurningum sem geta vaknað þegar barn byrjar í leikskóla. Nánari upplýsingar eru að finna á heimasíðu leikskólans www.kirkjubolid.is Við hvetjum ykkur til að hafa samband og láta okkur vita ef eitthvað er ábótavant í starfi leikskólans og einnig er alltaf gaman að heyra ef foreldrar eru ánægðir.

Með von um gott og gæfuríkt samstarf
Starfsfólk Kirkjubólis